



HRUNAMANNAHREPPUR

15. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 8. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FÖSTUDAGINN 9. ÁGÚST 2019

KL. 9.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2019, þann 9. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Aðalsteinn Þorgeirsson varamaður vegna Sigurðar Sigurjónssonar, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Sigfríð Lárusdóttir varamaður vegna Jóns Bjarnasonar og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsóknarbeiðni vegna rekstrarleyfis á Efra-Seli.**

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar frá Kaffi-Sel ehf, kt. 470404-2720 um rekstrarleyfi vegna gistingar í flokki II vegna íbúðarhúss á Efra-Seli, fastanúmer 225-7149. Sveitarstjórn samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti enda í samræmi við aðal- og deiliskipulag. Óskað er eftir að við útgáfu rekstrarleyfis verði afrit sent til sveitarfélagsins.
- 2. Félagsmálaráðuneytið: Húsnæðisstuðningur. Samráðsgátt.**

Oddviti kynnti drög að tillögum frá Félagsmálaráðuneytinu sem liggja fyrir í samráðsgátt stjórnvalda um sérstakan stuðning við húsnæðismarkaðinn á landsbyggðinni. Sveitarstjórn fagnar tillögnum.
- 3. Umhverfisstofnun: Tillaga að auglýsingu um friðlýsingu vatnasviðs Jökulfalls og Hvítár vegna Gýgarfossvirkjunar og Bláfellsvirkjunar.**

Oddviti kynnti tillögu frá Umhverfisstofnun að auglýsingu um friðlýsingu vatnasviðs Jökulfalls og Hvítár vegna Gýgarfossvirkjunar og Bláfellsvirkjunar og greinargerð Umhverfisstofnunar um framkomnar athugasemdir og afstöðu til þeirra. Ekki liggur fyrir kort að lokaafmörkun svæðisins. Sveitarstjórn fagnar breytingum sem hafa verið gerðar á friðlýsingarskilmálunum en ítrekar fyrri athugasemdir sínar um að miða eigi friðlýsingarsvæðið við farvegi Hvítár og Jökulfallsins.
- 4. Persónuverndarfulltrúi.**

Oddviti lagði fram minnisblað frá persónuverndarfulltrúa um stöðu á innleiðingu persónuverndarlaga hjá Hrunamannahreppi. Jafnframt voru lögð fram drög að endurnýjun á þjónustusamningi við Dattaca Labs ehf. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og felur sveitarstjóra og oddvita að vinna að málinu.
- 5. UTU: Beiðni um umsögn vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.**

Oddviti lagði fram beiðni frá UTU um umsögn vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sveitarstjórn óskar eftir skýringum á orðalagi sem fram kemur í greinargerð um sveitarfélagamörk.
- 6. Ályktun um heimavist við Fjölbautaskóla Suðurlands.**

Oddviti kynnti tillögu að ályktun frá starfshópi um húsnæðisúrræði nemenda við FSu. Sveitarstjórn tekur undir ályktunina og krefst þess að starfrækt verði aftur heimavist við skólann og skorar á Mennta- og menningarmálaráðherra að vinna að uppbyggingu hennar.
- 7. Hlíð: Deiliskipulagsvinna.**

Oddviti kynnti minnisblað vegna fundar sem haldinn var með fulltrúum eigenda jarðarinnar Hlíð í Hrunamannahreppi varðandi vinnu við deiliskipulag. Sveitarstjórn samþykkir að koma að gerð deiliskipulagsvinnunnar og semja við EFLU um verkið þar sem framlag sveitarfélagsins næmi aldrei hærri fjárhæð en

kr. 1.500.000. Verkið fellur að mestu leyti á árið 2020 þannig að taka þarf tillit til þess við fjárhagsáætlun 2020.

8. Samband íslenskra sveitarfélaga: Jafnlaunavottun.

Oddviti lagði fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi innleiðingu jafnlaunavottunar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fá nánari skýringar á túlkun Sambandsins varðandi tímasetningar á innleiðingu jafnlaunavottunar.

9. Lánasjóður Sveitarfélaga: Lántaka.

Oddviti fór yfir lántöku frá Lánasjóði sveitarfélaga fyrir Hrunamannahrepp sem tekið er annars vegar vegna uppgreiðslu á láni frá Arion banka og hins vegar vegna gatnagerðarframkvæmda.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 60.000.000.-, með lokagjalddaga þann 5. október 2034, í samræmi við það lánstilboð sem liggur fyrir á fundinum og sem sveitarstjórn hefur kynnt sér.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól auka vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á uppgreiðslu á gengisláni frá Arionbanka sem tekið var vegna byggingu leikskóla og gatnagerðar sem fela í sér að vera verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirsmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

10. Umhverfisstofnun: Stefna um meðhöndlun úrgangs

Oddviti lagði fram bréf frá Umhverfisstofnun með drögum að stefnu um meðhöndlun úrgangs fyrir landið allt. Sveitarstjórn fagnar stefnunni og leggur áherslu á að flokkunarreglur verði samræmdar fyrir allt landið.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

11. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 8. fundar frá 28. júlí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 8. fundar landbúnaðarnefndar þar sem fjallað er um breytingar á fyrirkomulagi eftirsafns og fjallskilamál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

12. Fundargerð 180. fundar skipulagsnefndar frá 10. júlí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 180. fundar skipulagsnefndar frá 10. júlí s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Bergisinn bs. Fundargerð stjórnar frá 26. júní s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð stjórnarfundar Bergisins bs frá 27. maí s.l. til kynningar.

b. SASS: Fundargerð 547. fundar stjórnar frá 28. júní s.l.

Lagti fram til kynningar.

c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 233. fundar stjórnar frá 27. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

d. Húnavatnshreppur: Athugasemdir vegna Miðhálandisþjóðgarðs

Lagt fram til kynningar.

e. Samband íslenskra sveitarfélaga: NPA.

Lagt fram til kynningar.

f. Forsætisráðuneytið: Samþykki fyrir lagninu háspennustrengs á Kjalvegi.

Lagt fram til kynningar.

g. Báran: Staðan í kjaramálum.

Lagt fram til kynningar.

- h. Samband íslenskra sveitarfélaga: Forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2020 og fjárhagsáætlana til þriggja ára.**
Lagt fram til kynningar.
- i. Vegagerðin: Svar við umsókn um fjárveitingu til styrkvega 2019.**
Lagt fram til kynningar.
- j. Mennta- og Menningarráðuneytið: Eftirfylgni með úttekt á leikskólanum Undralandi.**
Lagt fram til kynningar.
- k. Örnefnanefnd: Ensk nöfn á íslenskum stöðum.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- l. Heilbrigðisstefna til 2030 á Selfossi 14. ágúst n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- m. Þjóðgarður á Miðhálandinu: Kynningarfund á Hellu 21. ágúst n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- n. Samband íslenskra Sveitarfélaga og Jafnréttisstofa: Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 4. til 5. september 2019.**
Lagt fram til kynningar.
- o. Samband íslenskra Sveitarfélaga: Aukalandsfundur 6. september n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:05.